

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2020

2023/EES/52/20

frá 25. september 2020

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjaraskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2116 frá 28. nóvember 2019 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1979 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2116 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1979 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5cub (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1979) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 R 2116**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2116 frá 28. nóvember 2019 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1979 (Stjtið. ESB L 320, 11.12.2019, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2116, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 320, 11.12.2019, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.